# EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3432

| | | |
|---|---|---|
| **Rekstraraðili**<br>Benchmark Genetics Iceland hf.<br>kt: 6203911079 | **Tegund starfsemi**<br>Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera | **Starfsleyfisnúmer:**<br>UST-2022-L025-01<br>**Gildistími starfsleyfis**<br>18. ágúst 2037 |
| **Starfsstöð**<br>Kollafjörður | **Tegund eftirlits**<br>Reglubundið eftirlit<br>Með vettvangsheimsókn | **Dagsetning eftirlits**<br>21. október 2026 |
| **Starfstöðvarnúmer:**<br>ET-344 | **Eftirlitsmaður**<br>Kjartan Guðmundsson | **Útgáfudagur skýrslu**<br>19. nóvember 2026 |

## Tengiliðir

| Tengiliður | Titill |
|---|---|
| Eiríkur Andri Gunnarsson | Stöðvarstjóri |
| Árni Rúnarsson | QHSE Manager Iceland |
| Júlía S. Morozova | Verkefnastjóri |

## Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram tvö ný frávik frá starfsleyfi. Engar ábendingar voru settar fram. Frávik frá fyrra eftirliti er varðar losun næringarefna árið 2024 er enn opið.

## Umfang eftirlits

Fram fór reglubundið eftirlit með vettvangsheimsókn hjá Benchmark Genetics Iceland hf. í Kollafirði þann 21. október 2026. Fyrirtækið rekur þar landeldi á laxaseiðum. Samkvæmt starfsleyfi má framleiðsla ekki fara yfir 20 tonn á ári og hámarkslífmassi á hverjum tíma ekki yfir 20 tonn. Framleiðsla ársins 2025 var 19,68 tonn og telst stöðin innan umfangs starfsleyfis.

Frávik frá eftirliti 23. maí 2025 vegna losunar næringarefna árið 2024 er enn opið, þar sem gögn fyrir árið 2025 sýna sömu stöðu.

Ársyfirlit og umhverfisupplýsingar (grænt bókhald) fyrir árið 2025 bárust 30. apríl 2026.

Samkvæmt gr. 3.4 í starfsleyfi má losun fosfórs í viðtaka ekki fara fram úr 7 kg og losun köfnunarefnis ekki fara fram úr 60 kg á hvert tonn lífmassaaukningar á ári. Samkvæmt ársyfirliti fyrir árið 2025 var losun fosfórs 9,17 kg á tonn og losun köfnunarefnis 109,6 kg á tonn, umfram mörk starfsleyfis. Sett er frávik vegna þess.

Í vettvangsheimsókn sáust fóðurleifar í fráveituskurði við sýnatökustað 2 þar sem frárennsli frá stærra eldishúsi stöðvarinnar er losað. Skurðurinn leiðir í tjörn og þaðan til sjávar. Samkvæmt gr. 3.5 í starfsleyfi skal rekstraraðili tryggja fullnægjandi hreinsun frárennslis. Við útrás, þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka, má ekki vera set, útfellingar, þekjur af rotverum, olía, froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir. Sett er frávik vegna þess.

Óskað var eftir tryggingarskírteini, neyðaráætlun og áætlun vegna rekstrarstöðvunar. Gögnin bárust eftirlitsaðila og ekki voru gerðar athugasemdir.

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir voru skráð á árinu 2025.

## Staða Frávika

| Frávik frá | Lýsing á fráviki | Staða á fráviki |
|---|---|---|
| gr. 3.4 í starfsleyfi | Frávik skráð: 21.10.2026<br>Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum<br>*Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg og losun köfnunarefnis ekki fram úr 60 kg á tonn lífmassaaukningar á ári. Árið 2025 var losun fosfórs 9,17 kg á tonn og losun köfnunarefnis 109,6 kg á tonn, umfram mörk starfsleyfis.* | **Opið** |
| gr. 3.4 í starfsleyfi | Frávik skráð: 23.05.2025<br>Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum | **Opið** |

| | | |
|---|---|---|
| | *Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg og losun köfnunarefnis ekki fram úr 60 kg á tonn lífmassaaukningar á ári. Losun næringarefna árið 2024 var umfram mörk starfsleyfis.* | |
| gr. 3.5 í starfsleyfi | Frávik skráð: 21.10.2026<br><br>Við útrás þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka má ekki vera set, útfellingar, þekjur af rotverum, olía, froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir, eða efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.<br><br>*Rekstraraðili skal tryggja fullnægjandi hreinsun frárennslis og má það ekki innihalda set, útfellingar eða aðra aðskotahluti. Fóðurleifar voru í fráveituskurði við sýnatökustað 2, sem leiðir í tjörn og þaðan til sjávar.* | **Opið** |

## Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.